

Mál nr. 223/2016
M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðatrygginga bifreiðanna A og B.

Áræktur á Bústaðarvegi við Suðurhlíð þann 29. mars 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18. júlí 2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 20. júlí 2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Áræktur varð með bifreiðum A og B á Bústaðarvegi við Suðurhlíð þann 29. mars 2016. M, sem jafnframt var ökumaður bifreiðar A, kveðst hafa ekið austur Bústaðarveg gegn grænu ljósi þegar ekið var aftan á bifreið hennar á ferð. Í málskoti kemur nánar fram að M hafi ekið af stað þegar grænt ljós kviknaði á umferðarvitnum, en stigið lítillega á bremsuna skömmu eftir að hún lagði af stað vegna mikillar umferðar sem var á vettvangi, og þá hafi hún fengið mikið högg aftan á bifreið sína.

Ökumaður bifreiðar B kveðst aftur á móti hafa verið á leið austur Bústaðarveg og verið að taka af stað úr kyrrstöðu á grænu ljósi, þegar ökumaður bifreiðar A, sem var á undan, hemlaði skyndilega án sýnilegrar ástæðu.

Ökumaður í bifreið, sem var fyrir aftan bifreiðar A og B, gaf sig fram sem vitni á vettvangi. Í lögregluskýrslu kemur fram að bifreið A hafi verið fremst í röð bifreiða við gatnamótin. Þegar grænt ljós kom fór umferðin af stað. Bifreið A hafi svo stöðvað skyndilega á grænu ljósi án sýnilegrar ástæðu fyrir því.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik milli ökumanna bifreiða A og B. Óvilhellt vitni gaf sig fram á vettvangi og gaf skýra skýrslu um málsatvikin varðandi árækturinn. Engin ástæða er til annars en að leggja framburð vitnisins til grundvallar um málsatvikin. Því verður að telja að ökumaður bifreiðar A (M) hafi stöðvað bifreið sína á grænu ljósi án sýnilegrar ástæðu.

Í 3. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður megi ekki að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að það tefji eðlilegan akstur annarra eða skapi hættu. Einnig er vísað til 2. mgr. 17. gr. laganna varðandi að draga snögglega úr hraða.

Ökumaður bifreiðar B hefði átt að fylgjast betur með umferð fyrir framan og hafa lengra bil á milli ökutækjanna til þess að geta brugðist við óvæntum aðstæðum. Í 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga er kveðið á um að ávallt skuli hafa nægilegt bil á milli ökutækja til þess að eigi sé hætta á árekstri þótt ökutækið á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Ljóst er af framangreindu að báðir aðilar sýndu af sér gáleysi í aðdraganda árekstursins. Málsatvik og málgögn bera ekki með sér að leggja eigi meiri sök á annan ökumanninn fremur en hinn. Verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist að jöfnu milli bifreiða A og B.

Reykjavík 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.